

FRAMKVÆMDALEYFI byggt á **reglugerð nr. 772/2012.**

Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir niðurrennsli sveitur á Stóra-Skarðsmýrarfjalli.
Umsækjandi: Orka náttúrunnar kt. 521213-0190

Skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Ölfuss hefur samþykkt umsókn Orku náttúrunna að tengja borholurnar HE-23, HE-25 og HE-38 á borsvæði SP við fyrirhugaða flutningsæð fyrir skiljuvatn að niðurrennslisholunum HE-37 og HE-39 á borsvæði SN á Stóra-Skarðsmýrarfjalli. Með framkvæmdinni er ekki verið að auka framleiðslu Hellisheiðavirkjunar eða magn skiljuvatns, en tenging þessara borholna sem niðurrennslishola stækkar svæði til niðurrennsli og eykur afköst núverandi niðurrennsli sveitu. Niðurdæling í holurnar eru hluti af framtíðarsýn ON um að styðja betur við vinnslu á meginhluta vinnslusvæðis Hellisheiðavirkjunar með dreifðari niðurdælingu. Framkvæmdaleyfið með fylgigögnum er á heimasíðu Ölfuss, www.olfus.is.

Um framkvæmdina

1. Orka náttúrunnar sækir um framkvæmdaleyfi fyrir tengingu niðurrennsli sveitu við borholur á Stóra-Skarðsmýrarfjalli. Annarsvegar með bréfi dagsettu 17. maí 2016 og hinsvegar með bréfi dagsettu 12. október 2016.
2. Framkvæmdaleyfið er byggt á deiliskipulagi sem er fyrir borholur á Stóra-Skarðsmýrarfjalli.
3. Framkvæmdin sem framkvæmdaleyfið er veitt fyrir skal samræmast samþykktum hönnunargögnum.
4. Verði brugðið út frá samþykktum hönnunargögnum við framkvæmdina, skal tilkynna það leyfisveitanda.
5. Vöktun mun fara fram á svæðinu í samræmi við forskrift frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með efnamælingum í vöktunarholum eins og gert er við förgun affallsvatns frá Hellisheiðavirkjun og þeim skýrslum skilað inn m.a. til Orkustofnunar.
Sveitarfélagið Ölfus mun kalla til óháðan eftirlitsaðila sem fulltrúa sveitarfélagsins til að fylgjast með niðurdælingunni og vöktun á grunnvatnskerfinu. Eftirlitsaðilinn mun hafa fullan aðgang að framkvæmd á vöktuninni og þeim mælitækjum sem notuð verða við vöktunina. Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að vöktunarholur verði fleiri með áherslu á Selvogsstrauminn.
6. Með gögnum eru skýrslur er lýsa framkvæmdinni.

Framkvæmdarleyfisgjald er í samræmi við gjaldskrá sveitarfélagsins.

Framkvæmdaleyfi þetta fellur úr gildi ef framkvæmdir hafa ekki hafist innan 12 mánaða frá dagsetningu þess.

Bæjarstjórn Ölfuss samþykki þann 26. maí 2016, á grunni heimildar í skipulagslögum, að gefa út framkvæmdaleyfi með þeim skilmálum sem fram koma í skipulagsgögnum. Í heild er verið að gefa út leyfi fyrir framkvæmdum sem sótt var um 17. maí 2016 fyrir að tengja við holurnar HE-37 og HE-39 og nú með bréfi dagsettu 12. október 2016 að bæta við tengingu við holurnar HE-23, HE-25 og HE-38. Framkvæmdin er á röskuðu svæði.

Framkvæmdaleyfið gildir í 12 mánuði frá útgáfu þess. Meðferð er samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010. Afgreiðsla á framkvæmdaleyfinu er byggð á heimild í aðal- og deiliskipulagi.

Þorlákshöfn 24. nóvember 2016

Sigurður Ósmann Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.